



Reykjavík 1. september 2015

Ágæti viðtakandi.

Nú stýttist í að verkefninu **Göngum í skólann** (www.iwalktoschool.org) verði hleypt af stokkunum í níunda sinn hér á landi. Verkefnið verður sett miðvikudaginn 9. september og lýkur því formlega með alþjóðlega **Göngum í skólann** deginum miðvikudaginn 7. október. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér **virkan ferðamáta** í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu, hjólréiðar, hlaup, línuskautar eða hjólabretti. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða.

Á síðasta ári tóku milljónir barna í yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Á sama tíma var nýtt þátttökumet slegið hér á landi en alls skráðu 66 skólar sig til leiks.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur hlotið styrk frá Evrópuráðinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfi þeirra til verkefna sem munu tengjast European Week of Sport eða Íþróttaviku Evrópu sem haldin verður 7. – 13. september nk. Í yfir 30 Evrópulöndum. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Sjá nánar á www.ec.europa.eu/sport/week

Sett hefur verið upp ný heimasíða fyrir verkefnið og er slóðin sú sama www.gongumiskolann.is Á síðunni má áfram finna allar helstu upplýsingar um verkefnið og hugmyndir að framkvæmd.

Sú nýjung er á vefnum að nú skrá skólar sig til leiks undir flípanum „Skráning“. Einungis þarf að fylla inn nafn skóla, nafn tengiliðs og setja inn stutta lýsingu á hvað viðkomandi skóli ætlar að gera í tilefni af Göngum í skólann mánuðinum. Munið að smella á skrá.

Þeir skólar sem ætla að taka þátt þurfa að **skrá sig á síðunni fyrir 4. september nk.** en ekkert kostar að taka þátt. Ekki er lengur þörf á að senda tölvupóst til að skrá sig. Á nýju síðunni er hægt að senda inn myndir/myndbönd og skemmtilegar frásagnir undir flípanum „Sendu okkur“. Nafn þeirra skóla sem taka þátt birtist á síðunni undir flípanum „Skráðir skólar“. Líkt og undanfarin ár munu þeir skólar sem senda okkur myndir og frásögn hljóta glaðning í lok verkefnisins.

Tvær handbækur geta nýst skólum við útfærslu á verkefninu. Þær eru *Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (sérstaklega kafli 3) sem Embætti landlæknis gefur út og *Handbók í umferðarfræðslu* sem Samgöngustofa gefur út. Hægt er að nálgast bækurnar rafrænt á síðunum www.umferd.is og www.landlaeknir.is. Á þessum heimasíðum má einnig finna annan fróðleik sem snýr að heilsueflingu og umferðarfræðslu en vefurinn www.umferd.is er samstarfsverkefni Menntamálastofnunar, Samgöngustofu og Grundaskóla á Akranesi.

Með kveðju.

Fyrir hönd **Göngum í skólann** verkefnisins



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

